

málskostnað í hæstarétti greiði stefndi áfrýjanda með 250 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. f. m. af Garðari Þorsteinssyni, hrm., f. h. Sigurðar Þórðarsonar, Arngerðareyri, gegn Ársæli Árnasyni bóksala hér í bænum til greiðslu skuldar að upphæð kr. 264,00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1932 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi kr. 99.00.

Hina umstefndu skuld telur stefnandi vera þannig til komna, að stefndur hafi fengið frá honum bækur (sönglagasafn) eftir Sigvalda Kaldalóns) í umboðssölu en ekki skilað andvirði þeirra.

Stefndur hefir hvorki mætt né látið mæta í málinu og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilrikjum og þar sem þau koma heim við málsútlitun og dómkröfur stefnanda verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir tildæmast aðeins frá sáttakærudegi, 5. maí s. l. og ekki hærri en 5% p. a. og málskostnaðurinn ákveðist í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málf lutningsmannafélagsins, kr. 87.00.

Mánudaginn 4. marz 1935.

Nr. 1/1935. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Theodor Asseloos (Pétur Magnússon).

Botnvörpuveiðabrot. Ítrekun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 26. okt. 1934:
Kærður, Theodor Hasseloos, á að greiða 20.150 króna sekt

í Landhelgissjóð Íslands innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæta níu mánaða einföldu fangelsi fáist hún eigi greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Alfred Dufuisseaux, O. 146 frá Ostende, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms í máli þessu, hefir forstöðumaður Stýrimannsskólans markað stað togarans á sjókorti eftir hornmælingum skipherrans á varðskipinu „Ægir“ kl. 00,18 þann 23. okt. f. á., og hefir niðurstaðan af þessari staðsetningu einnig orðið sú, að togarinn hafi þá verið í landhelgi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að því leyti sem kærði er þar talinn sekur um veiðar með botnvörpu í landhelgi og að því leyti sem upptök afla og veiðarfæra og greiðslu sakarkostnaðar í héraði varðar.

Síðan dómur var kveðinn upp í héraði hefir það komið fram, að kærði var dæmdur þann 3. júní 1928 í lögreglurétti Vestmannaeyja í 12500 króna sekt, ásamt upptöku afla og veiðarfæra, fyrir samskonar brot sem hann nú er dæmdur fyrir. Þar sem kærði því er í máli þessu dæmdur fyrir landhelgisbrot framið öðru sinni, þykir refsing hans fyrir það hæfilega ákveðin, samkvæmt 1. málgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 og með hliðsjón af dagsgengi íslenzkrar krónu, sem nú er 48.10, 25000 króna sekt til Landhelgissjóðs, og komi 9 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með því, að ekki þykir ástæða til að ætla, að kærði hafi með ásettu ráði verið að veiðum í landhelgi, þegar skip hans var tekið aðfaranótt 23. okt. f. á., verður hann ekki dæmdur til aukarefsingar fyrir ítrekun landhelgisbrots samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1920.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði, Theodór Asseloos, greiði 25000 króna sekt til Landhelgissjóðs, og komi 9 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörns-sonar og Péturs Magnússonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Theodor Hasseloos, skipstjóra á togaranum O. 146, Alfred Dufiusseaux, frá Ostende, f. 17. 3. 1892, fyrir brot

gegn ákvæðum laga nr. 5, frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Málavextir eru þessir:

Hinn 23. þ. m. kl. 23.40, þegar varðskipið Ægir var statt austan við Dyrhólaey, á vesturleið, sást frá því togari, lengra vestur með landinu. Virtist hann stýra SA-læga stefnu, og var, samkvæmt leiðarreikningi varðskipsins, innan landhelgislinunnar. Togarinn var alljósaður. Kl. 0.15 var komið að togaranum og kl. 0.18 var sett bauja út. Hefir skipherra varðskipsins lýst því yfir, og 1. og 3. stýrimaður á Ægi staðfest það fyrir réttinum, að baujan hafi verið sett út í kjölfar togarans um 30—40 metra frá honum. Samtímis var gerð staðarákvörðun hjá baujunni, og reyndist hún eftir þessum mælingarhornum:

Pétursey

> 57° 32'

Hatta

> 20° 32'

Lundadrangur

vera 0.52 úr sjómílu fyrir innan landhelgislinuna. Dýpið mældist jafnframt vera 46 metrar. Í þessu sambandi skal tekið fram, að í kæru skipherrans er staður baujunnar talinn eftir þessu vera 0.48 sjómíla fyrir innan landhelgislinuna. En þetta kemur ekki heim við staðarákvarðanir á uppdrætti, lögðum fram í málinu, og mælingarhornin og er leiðrétt af skipherranum í réttinum. Hefir rugl-azt í kærinni, og á við fjarlægðina samkvæmt mælingum þeim að morgni næsta dags, sem nú skal greint frá.

Skipin láu á þessum slóðum um nóttina. En þegar hjart var orðið morguninn eftir, var farið að bauju varðskipsins, og gerð við hana þessi staðarákvörðun kl. 7.46:

Drangshlíðarfjall

> 53° 46'

V. Punktur Péturseyjar

> 55° 31'

Hatta

og dýpið jafnframt mælt, og reyndist það 50 metrar. Staður þessi reyndist 0.48 sjómílu innan landhelgislinunnar (samanber það, sem áður er tekið fram um misfærzlu í skýrslunni).

Hinn kærði skipstjóri hefir kannazt við, enda er það einnig sannað á annan hátt, að skip hans hafi verið að toga þegar varðskipið kom að því, og hafi verið að því næstu klukkustundirnar áður. Hinsvegar hefir hann eindregið haldið því fram, að það hafi ekki verið ætlun sin að toga á landhelgissvæðinu, og látið í ljósi þá sannfæring sína, að svo hafi heldur ekki verið. Byggir hann þetta á því, að hann tók sjálfur miðanir um borð í Ægi, og notaði kompás varðskipsins. Miðanir þessar voru:

Pétursey í m/v NA $\frac{1}{4}$ A og

Dyrhólaviti í m/v ASA

sem gefur stað baujunnar 0.1 sjóm. fyrir innan landshelgislinu.

Skal í þessu sambandi tekið fram, að samkvæmt yfirlýsing skipherrans á Ægi í réttinum, sem kemur heim við framburði í málinu, hefir skolazt til í kærinni, þar sem miðanir eru taldar NA $\frac{1}{2}$ A og A t S $\frac{3}{4}$ S á þann hátt, að segulskekkja kompássins á Ægi hefir verið ranglega dregin frá síðari miðuninni (Dyrhólaviti), en ekki hinni fyrri (Pétursey) eins og átti að vera.

Til stuðnings því, að hafa þrátt fyrir staðarákvörðun þessa togað fyrir utan, hefir kærði haldið því fram, að þar sem vir sá, sem baujan er fest með við akkeri hennar, hafi samkvæmt gerðum og óvæfngdum mælingum reynzt 214 metrar á lengd, straumur beri fram með ströndinni, en baujan sett út á milli togarans og lands á að gizka 100 metra frá togaranum, þá hafi skip sitt samkvæmt þessu ekki verið á landhelgissvæðinu.

Samkvæmt framburðum vitna á Ægi fyrir rétti undir rannsókn málsins, bar straumur baujuna sem næst beint út frá landi um morguninn þegar þeir ákváðu stað hennar, skipherrann með sextant og hornmælingum 0.48 úr sjómílu, en kærði með kompás og miðunum 0.10 úr sjómílu, hvorttveggja innan landhelgislinunnar. Eftir þessu, sem frekar verður að byggja á en fullyrðingum kærðs, var staður akkerisins, og þess vegna sjálfs togarans, nokkru innar og nær landi en baujan sjálf, og togarinn því einnig eftir þessu á landhelgissvæðinu, jafnvel þó gert sé ráð fyrir 100 metra fjarlægðinni, sem kærði heldur fram að skip sitt hafi verið utar þegar baujan var sett í sjó.

Rétturinn litur þó svo á, að ekki beri að leggja þessar

kompásmiðanir og staðarákvarðanir kærða til grundvallar í málinu. Það er vitanlegt og viðurkennt af kærðum, að hornamælingar með sextant séu ábyggilegri. Og þar sem kærði hefir alls ekki getað véfengt þær eða gert þær tortryggilegri á nokkurn hátt, enda átt kost á að fylgjast með þeim og gera þær sjálfur, hlýtur rétturinn að byggja á þeim, en ekki staðarákvörðunum með kompás, sem kærði gerði, og í sjálfu sér er engin ástæða til að véfengja að hafi verið eins nákvæmar og kostur var á. Í þessu sambandi skal tekið fram, að það hefir enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, enda þótt skipherrann á Ægi hefði um kvöldið álitid skip kærða $2\frac{1}{4}$ sjóm. fyrir innan línuna, eins og kærði hefir haldið fram að skipherrann hafi sagt, og einn skipsmanna hans borið.

Það verður eftir þessu að telja nægilega sannað, að kærður hafi verið að veiðum með botnvörpu í íslenzkri landhelgi þegar varðskipið Ægir kom að honum kl. 0.15 24. þ. m. Hefir hann með þessu brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, fyrir það, eftir 3. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 20.150.00, sem greiðist innan fjöggra vikna, og rennur í Landhelgissjóð Íslands, en afplánist með 9 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún eigi greidd. Er þá tekið tillit til þess, að hér er um fyrsta brot kærða að ræða, og að dagsgengi íslenzkrar krónu er 5.4970 úr gullkrónu. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.